



Reykjavík, 16. september 2024

VEL24090021

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

### Efni: *Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)*

#### Forsaga:

Notendastýrð persónuleg aðstoð var lögfest með tilkomu laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Áður hafði tilraunaverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð verið við lýði frá árinu 2013. Reglugerð um notendastýrða persónulega aðstoð nr. 1250/2018 tók gildi 27. desember 2018 og er nú í endurskoðun. Í reglugerðinni er kveðið á um framkvæmd og umgjörð NPA. Einnig hefur af hálfu félagsmálaráðuneytisins verið gefin út handbók um framkvæmd NPA.

Reglur Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð voru samþykktar í velferðarráði og borgarráði í mars 2019 og tóku gildi 1. maí sama ár.

Minnisblað þetta er lagt fram til upplýsingar um stöðu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar í Reykjavík í september 2024.

#### Greinargerð:

NPA samningar á landsvísu eru 128 talsins og samkvæmt bráðabirgðaákvæði I í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018 er gert ráð fyrir að samningar á landsvísu verði allt að 172 í lok árs 2024 þegar innleiðingartímabili NPA lýkur.

NPA samningar í Reykjavík eru nú 41 talsins en þeim var fjölgað um 14 í lok árs 2023 í kjölfar samþykktar velferðar- og borgarráðs. Samkvæmt upplýsingum frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu mun ráðuneytið veita 25% mótframlag með allt að 44 nýjum samningum á árinu 2024.

Þann 15. desember sl. var ritað undir samkomulag ríkis og sveitarfélaga um breytingu á fjármögnun í þjónustu við fatlað fólk. Í samkomulaginu kemur m.a. fram að 25% hlutur ríkisins í heildarkostnaði 172 samninga teljist fullfjármagnaður að meðtöldu því framlagi sem þegar er í frumvarpi til fjárlaga 2024.<sup>1</sup>

Í Reykjavík eru 37 fatlaðir einstaklingar á bið með samþykktar umsóknir um NPA. Af þessum 37 einstaklingum bíða átta eftir aukningu tímafjölda og/eða breytingum á núgildandi samningum. Sjö þeirra einstaklinga sem eru á bið með samþykktar umsóknir eru með virkan beingreiðslusamning og nemur samanlögð upphæð þeirra samninga 93,4 m.kr. á ári.

<sup>1</sup> Samkomulag ríkis og sveitarfélaga um breytingu á fjármögnun í þjónustu við fatlað fólk.



Reykjavík



### **Kostnaður vegna nógildandi samninga:**

Í september 2024 eru gildandi NPA samningar í Reykjavík 41 talsins. Heildarkostnaður á mánuði án 25% framlags ríkisins við þessa 41 samninga eru um 186 m.kr. Heildarkostnaður á ársgrundvelli án framlags ríkisins við núverandi samninga nemur því um 2,2 ma.kr. á ári. Með mótframlagi frá ríkinu nemur kostnaðurinn um 1,7 ma.kr. á ári.

### **Kostnaður við að úthluta NPA samningum til þeirra einstaklinga sem eru með samþykktar umsóknir:**

Á biðlista með samþykktar umsóknir um NPA þjónustu eru nú 37 einstaklingar, þar af eru átta á bið eftir aukningu á núverandi samningum. Kostnaðurinn við að úthluta öllum þessum einstaklingum samþykktar þjónustu er um 115 m.kr. á mánuði. Heildarkostnaðurinn á ársgrundvelli yrði þá um 1,4 ma.kr. án 25% mótfamlags frá ríkinu. Með mótframlagi nemur kostnaðurinn um 1 ma.kr. á ári.

Enn eru bundnar vonir við að áfangaskýrsla kostnaðarskiptingarhóps ríkis og sveitarfélaga sem von er á síðar í september skili niðurstöðum sem sveitarfélögin geti nýtt í áframhaldandi þróun og uppbyggingu þjónustu við fatlað fólk.

Haft var samband við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið til að kanna hvort ráðuneytið hefði framkvæmt könnun á aðstæðum og líðan aðstoðarfólks NPA notenda. Svar hefur ekki borist.

### **Lokaorð:**

Alls eru 37 einstaklingar með samþykktar umsóknir að bíða eftir þjónustu í formi NPA. Innleiðingartímabili NPA lýkur um næstu áramót og þá verður þjónustan alfarið á hendi sveitarfélaga. Nú stendur yfir vinna starfshóps sem hefur það hlutverk að rýna og endurskoða matsviðmið NPA, afgreiðslu og úthlutunarferli sem og að koma með tillögur að breytingum á reglum Reykjavíkurborgar um NPA. Áætlað er að þeirri vinnu ljúki 31. október nk. Jafnframt er unnið að endurskoðun reglugerðar um NPA í félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og áætlað að reglugerðin fari í samráð síðar í haust. Þá er áfangaskýrsla kostnaðarskiptingarhóps ríkis og sveitarfélaga varðandi þjónustu við fatlað fólk er væntanleg í september.

